

## Kröfur Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna

Stjórnvöld hafa ítrekað bent á að námslánakerfið eigi að grípa stúdenta og er það ein ástæðan fyrir því að ekki hefur verið mætt öðrum kröfum þeirra, um m.a. rétt stúdenta til atvinnuleysisbóta. Nú er nauðsynlegt að ráðast í markvissar breytingar þannig að námslánakerfið taki mið af öllum stúdentum og tryggi þeim viðunandi framfærslu á krefjandi tímum. Stúdentaráð fer fram á að Menntasjóðurinn leiðrétti úthlutunarreglurnar með hliðsjón af öllu neðangreindu. Stúdentaráð telur að það þurfi að veita meiri sveigjanleika innan menntakerfisins og þá námslánakerfisins, sérstaklega þegar þörf fyrir sveigjanleika er hvað mest.

### I. Tryggja stúdentum viðunandi grunnframfærslu

Full ástæða er til þess að hækka grunnframfærslu framfærslulána, sem ekki var gert í sumar þrátt fyrir fjölda umsagna stúdentahreyfinga. Lág grunnframfærsla og skerðingar á borð við frítekjumarkið eru ástæður þess að stúdentar neyðast til að vinna með námi. Í þeim aðstæðum sem við erum í dag, sökum kórónuveirufaraldursins, eru störf af afar skornum skammti og því ljóst að stúdentar þarfnist frekari úrræða.

Fyrstu tölur úr sjöundu umferð alþjóðlegu [EUROSTUDENT VII](#) könnunarinnar sýna að 72% íslenskra stúdenta vinna til að sjá fyrir sér og er það [3% aukning](#) frá því að könnunin var lögð fyrir síðast 2016-2018. Má þess einnig geta að íslenskir stúdentar skora hér hæst af þeim 26 þjóðum sem tóku þátt. Fyrstu tölur sýna jafnframt að 31% íslenskra stúdenta eiga í fjárhagslegum erfiðleikum og 25% telja að vinnan hafi áhrif á frammistöðu þeirra í námi. Þess má geta að könnunin var lögð fyrir vorið 2019, fyrir COVID-19 og því má draga þá ályktun að staða stúdenta sé hugsanlega verri. Stúdentaráð krefst þess að grunnframfærslan sé hækkuð strax og að sjóðurinn þjóni þannig tilgangi sínum sem jöfnunartæki og öryggisventill fyrir stúdenta.

### II. Frítekjumarkið sé fimmfaldað fyrir alla

Í sumar var frítekjumarkið fimmfaldað fyrir þau sem ekki höfðu verið í námi sl. 6 mánuði, eða með öðrum orðum fyrir þá sem af vinnumarkaði voru að koma í nám. Heildartekjur þeirra geta þá að hámarki verið 6.820.000 áður en 45% af umframtekjum verða til frádráttar á námsláni. Stúdentaráð krefst þess að fimmföldun frítekjumarksins nái til allra stúdenta, sbr. næsta krafa:

### II. Úthlutunarreglurnar séu leiðréttar

Menntasjóðurinn keyrði í gegn breytingu á frítekjumarkinu án þess að auglýsa hana meðal stúdenta eða breyta úthlutunarreglunum. Stúdentar sem hafa verið í námi sl. 6 mánuði en ekki á lánum yfir þann tíma fengu þannig sjálfkrafa fimmföldun frítekjumarksins. Hér er um að ræða verulega hindrun að námi þar sem rýmkunin nær ekki til allra stúdenta, s.í.l. þeirra



Stúdentaráð Háskóla Íslands

sem hafa verið á lánum áður. Stúdentaráð krefst þess að úthlutunarreglurnar séu leiðréttar þannig að fimmföldun frítekjumarksins nái til allra stúdenta.